

Umsögn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals dags. 16. ágúst um tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals fagnar því að tekið hafi verið fullt tillit athugasemda ráðsins og íbúa hverfisins vegna fyrirhugaðra breytinga á reit M22. Æskilegt er að sá hluti hverfisins verði deiliskipulagður fljótlega í samræmi við skilmála aðalskipulags um blandaða byggð íbúða og þrifalegrar atvinnustarfsemi.

Gerð er athugasemd við að stækkun á fyrirhugaðri íbúðabyggð austurhluta Úlfarsárdals til austurs þar sem skipulagssvæðið myndi ná inn á gróðri vaxið skógræktarsvæði. Talsverðrar óánægju gætir meðal íbúa vegna þessara áforma þar sem skógurinn er bæði til prýði og skjólmyndunar í hverfinu. Nær væri að byggja upp íbúðir við Leirtjörn og í Höllum sem og á austurhluta eins og hann er skilgreindur í núverandi Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Tryggt verði að í Aðalskipulagi sé heimild til rekstur stærri verslana með matvöruleyfi í hverfinu.